

Landsyfirrjettardómar 1879.

Mánudaginn 17. febrúarmán.

Nr. 2/1879:

Hið opinbera

gegn

Halldóri H. J. Guðmundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað gegn Halldóri H. J. Guðmundssyni, snikkara á Bakka á Akranesi, fyrir að hafa drepið æðarfugla, og er hann með dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Borgarfjarðarsýslu að Hjarðarholti 14. ágústmán. f. á., dæmdur til að greiða til fátækra sjóðs Akraneshrepps 4 kr. í sekt og 3 kr. fyrir hina drepnu fugla, sem og til að borga allan kostnað af málinu; en þeim dómi er eptir ósk hins kærða áfrýjað til yfirdómsins.

Undir rekstri máls þessa hafa 2 vitni borið, að þeir í aprilmánuði í fyrra snemma morguns hafi heyrt skot hjá Lambhússundi; gengu þeir þá í þá átt, sem þeir heyrðu skotið koma úr, og hittu hinn kærða þar við sjóinn, og hafði hann vaðið út í sjó í skinnbrók og var að draga að landi með spriti þrjá dauða æðarfugla. Vitnin sáu engan annan mann á fótum um þetta leiti en hinn kærða, og annað vitnið hefur borið, að rjett eptir að hann heyrði skotið, hafi hann sjeð hinn kærða hlaupa inn í hús sitt, að því honum sýndist, með byssu, þó hann ekki þori að fullyrða það, og

koma að vörmu spori út aptur með skinnbrók og stöng, eins og hið sama vitni einnig tók eptir, að æðarfuglarnir, sem kærði dró að landi, voru blóðugir. Hinn kærði hefur borið á móti því, að hann hafi drepíð æðarfugla þá, sem hjer ræðir um, en segir svo frá, að hann þenna morgun hafi gengið niður að Lambhúsundi til að bleyta skinnbrók, og hafi þá sjeð þar fljóta þrjá æðarfugla dauða; hafi hann þá farið í brókina og vaðið út eptir fuglunum og dregið þá að landi með spriti, en hann hafi ekki veitt því eptirtekt, hvort fuglarnir voru skotnir eða dauðir af öðrum orsökum, eins og hann heldur ekki muni til að hafa heyrt neitt skot þenna sama morgun.

Að vísu eru fram komnar talsverðar líkur fyrir, að hinn kærði hafi drepíð æðarfugla þá, sem hann á ofan greindan hátt náði og tók til sín, en yfirdómurinn getur þó ekki álitíð, að þessar líkur sjeu svo margar og sterkar, að þær geti myndað fullgilda sönnun fyrir broti hins kærða gegn neitun hans, og ber því að dæma hann sýknan af kærum hins opinbera í máli þessu, en hins vegar getur hann ekki komizt hjá að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem ákvedast 10 kr. handa hvorum þeirra.

Að því er snertir meðferð málsins í hjeraði, þá hefur orðið talsverður dráttur á dómsuppsögninni og afgreiðslu dómsgjörðanna til birtingar fyrir hinum kærða, en þar sem drátturinn á dómsuppsögninni er rjettlættur af undirdómaranum með ferðalögum og öðru annríki, og drátturinn á afgreiðslu dómsgjörðanna að mestu leyti mun hafa orsakast af sýslumannaskiptunum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu síðastliðið ár, þá þykir ekki næg ástæða til að láta þenna drátt varða

ábyrgð. Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Halldór H. J. Guðmundsson á að vera sýkn af kærum hins opinbera í þessu máli, en þó ber honum að greiða allan af því löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. febrúarmán.

Nr. 20/1878:

Ritstjóri Jón Ólafsson
 gegn
 Eyjólfí Þorsteinssyni.

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 9. septembermán. f. á., hefur ritstjóri Jón Ólafsson áfrýjað til yfirdómsins dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Suðurmúlasýslu 1. maí f. á., í máli milli hans og Eyjólfss Þorsteinssonar á Stuðlum, með hverjum hann er dæmdur til að taka upp í blað sitt «Skuld» ekki seinna en í 2. tölublað þess, er út kæmi eptir birtingu dómsins, grein nokkra frá Eyjólfí Þorsteinssyni með yfirskript: «Sannleikur er sagna beztur», sem fram lögð hefur verið í málinu, að viðlagðri 1 krónu daglegri sekt. En fremur er honum með nefndum dómi gjört að skyldu að greiða 30 króna sekt til hlutaðeigandi fátækra sjóðs og 20 kr. í málskostnað.

Mál þetta er þannig vaxið: Í 1. tölublaði «Skuld-